

## Ávarp KV – 27. mars 2013

Starfsmenn Samherja, makar og aðrir góðirgestir og vinir. Ég býð ykkur öll velkomin hingað í kvöld, við skulum eiga hér notalega stund saman áður en við förum inn í páskafríð.

Aftur er það niðurstaða eigenda Samherja að efni séu til að leggja samfélaginu lið og er það gert með gleði í hjarta.

Það tók aðeins tíma að finna út úr því hvort forsendurnar fyrir framlaginu væru ekki alveg klárar, við viljum ekki leggja í kostnað nema eiga fyrir honum.

Forsendurnar núna eru alveg klárar.

Eitt af því sem verið hefur stóra gæfa Samherja í gegn um áratugina er samheldni starfsmanna, metnaður, vinnugleði, stolt og tryggt. Hér hefur eitt stórt lið spilað saman að einu markmiði, að gera aðeins betur í dag en í gær, ávallt að gera sitt besta.

Íþróttamenn vita að það er liðsheildin sem skapar sigurvegara og ég held meira að segja að það gildi líka um einstaklings íþróttina, því sömu gildin, metnað, vinnugleði, stolt og tryggt þarf að hafa í fyrirrúmi.

Ég verð manna glaðastur þegar kona er valin íþróttamaður Akureyrar, að vera valin fremst meðal jafninga, en hvernig er með ykkur strákar þið þurfið nú að fara taka hraustlega á, spýta í lófana og gera auka-æfinguna rækilega.

Ég óska íþróttamanni Akureyrar árið 2012 Örnunni Sif Ásgrímsdóttur knattspyrnukonu innilega til hamingju með titilinn. Hún er nú í æfingabúðum á Spáni og getur því miður ekki verið með okkur í dag.

Það má segja frá því hér að faðir Örnur, Ásgrímur Sigurðsson mikill öðlingur, var starfsmaður Samherja til sjós frá því fyrirtækið var stofnað og þangað til hann lést langt fyrir aldur fram. Ásgrímur og eiginkona hans Snjólaug Helgadóttir lögðu mikla vinnu í sjálboðastarf íþróttanna ólu upp margar fótboltastelpur og Snjólaug er enn á fullu í starfinu.

Góðir gestir, gefum þessari fjölskyldu gott klapp hún á allan heiður skilinn.

Akureyri hefur allra bæja best stutt og hlúð að íþróttum, með margskonar hætti, allt frá beinum fjárstuðningi handa iðkendum til íþróttamannvirkjanna sem nausynleg eru til að íþróttirnar dafni. Það vita allir hér inni að til að íþrótt dafni þarf mikinn metnað og það þarf afreksíþróttafólk sem skarar fram úr meðalmennskunni, því það fólk dregur vagninn.

Ég get ekki látið vera að nefna hér að ég á mér draum. Ég á mér þann draum að Skíðafélag Akureyrar fái heimavöll til æfinga og keppni og þurfi ekki að deila velli sínum með ferðafólki, sem er þó að sjálfsögðu velkomið í fjallið. Það á bara ekki samleið í brekku með afreksíþróttamanninum. Ég hef áður nefnt þetta við forsvarsmenn íþróttamála hér en finnst efni til að endurtaka þessa draumsýn mína.

Sala á fiski er venjulega góð fyrir og um páska, starfsmenn Samherja hafa alveg fengið að finna fyrir því núna og mikið álag hefur verið á öllum síðustu dagana.

Ég vil þakka öllum starfsmönnum Samherja frábæra vinnu og óska ykkur öllum gleðilegra páska.